

Reglugerð um sóttkví og einangrun og sýnatöku við landamæri Íslands vegna COVID-19.

1. gr.

Gildissvið og markmið.

Reglugerð þessi gildir um alla þá einstaklinga sem sóttvarnalæknir skyldar í sóttkví eða einangrun á grundvelli sóttvarnalaga nr. 19/1997, með síðari breytingum, hvort sem það er gert með almennri ákvörðun eða ákvörðun sem beint er sérstaklega að viðkomandi. Reglugerð þessi gildir jafnframt um sýnatöku við landamæri Íslands vegna COVID-19.

Sóttkví og einangrun eru opinberar sóttvarnaráðstafanir sem beitt er til að draga úr útbreiðslu farsóttá, hvort sem er til eða frá Íslandi, innanlands eða til að varna útbreiðslu smits frá einstaklingum.

Með reglugerð þessari er kveðið á um afkvíun landsins alls, sóttkví og einangrun einstaklinga og sóttvarnaráðstafanir vegna hættu á að farsótt berist til Íslands, eins og nánar er útfært í reglugerðinni skv. 12., 13. og 14. gr. sóttvarnalaga nr. 19/1997, með síðari breytingum, í samræmi við tillögu sóttvarnalæknis til heilbrigðisráðherra.

2. gr.

Skilgreiningar.

Einangrun: Aðskilnaður einstaklinga sem eru smitaðir eða bera með sér sýkingar, og skapa því hættu fyrir lýðheilsu, frá öðrum á þann hátt sem kemur í veg fyrir útbreiðslu sýkingar. Einangrun er beitt þegar einstaklingur er með smitandi sjúkdóm.

Ferðamaður: Einstaklingur á ferð milli landa. Hugtakið nær þannig til allra einstaklinga sem eru á ferð milli landa, hvort sem þeir eru íslenskir ríkisborgarar eða ekki.

Sóttkví: Takmörkun á athafnafrelsi og/eða aðskilnaður einstaklinga sem grunur leikur á að hafi verið útsettir fyrir smiti, en eru ekki veikir, frá öðrum á þann hátt sem kemur í veg fyrir hugsanlega útbreiðslu sýkingar. Hugtakið sóttkví nær m.a. til sóttkvíar í sóttvarnahúsi, heimasóttkvíar og vinnusóttkvíar.

Sóttvarnahús: Staður þar sem einstaklingur, sem ekki á samastað á Íslandi eða getur af öðrum sökum ekki eða vill ekki einangra sig í húsnaði á eigin vegum, getur verið í sóttkví eða einangrun vegna gruns um að hann sé smitaður af farsótt eða ef staðfest er að svo sé.

3. gr.

Skylda til að fara í sóttkví.

Allir þeir sem hafa umgengist einstaklinga með COVID-19 skulu fara í sóttkví í 14 daga frá því að þeir umgengust síðast smitaðan einstakling. Sóttvarnalæknir, eða þeir sem hann hefur falið að sinna því verkefni, getur gefið fyrirmæli um að einstaklingur fari í sóttkví ef möguleiki er á því að viðkomandi hafi smitast af COVID-19 og er einstaklingi skylt að hlýða þeim fyrirmælum.

Ferðamanni er skylt að sæta sóttkví eins og nánar er mælt fyrir um í 4. gr.

Þeir sem skylt er að fara í sóttkví samkvæmt 1. og 2. mgr. skulu fara í heimasóttkví, sbr. 7. gr. eða eftir atvikum dvelja í sóttkví í sóttvarnahúsi, sbr. 5. gr., samkvæmt nánari ákvörðun sóttvarnalæknis. Um vinnusóttkví gildir 8. gr.

Neiti einstaklingur að fara í sóttkví samkvæmt reglugerð þessari er sóttvarnalækni heimilt að leita aðstoðar lögregluyfirvalda vegna aðgerða til að varna smiti í samræmi við 14. gr. sóttvarnalaga, nr. 19/1997, með síðari breytingum. Í þeim tilgangi er lögreglu enn fremur heimilt að kanna hvort einstaklingur er á þeim stað sem hann sætir sóttkví. Áður en gripið er til þvingunaraðgerða skal ætíð reynt að leysa mál með öðrum hætti.

Takist ekki samstarf við einstakling, sem gert er að sæta sóttkví samkvæmt reglugerð þessari eða tilkynningu frá sóttvarnalækni, skal sóttvarnalæknir taka formlega ákvörðun í málinu í samræmi við 14. gr. sóttvarnalaga, nr. 19/1997, með síðari breytingum.

4. gr.

Sýnataka við landamæri Íslands.

Ferðamönnum sem koma til Íslands og dvalið hafa í meira en sólarhring á síðastliðnum 14 dögum í löndum sem skilgreind eru af sóttvarnalækni sem áhættusvæði er skylt að framvísa vottorði á landamærastöð og við byrðingu sem sýnir fram á neikvætt PCR-próf sem ekki er eldra en 72 klst. við byrðingu. Þeim er jafnframt skylt að fara í sýnatöku í Flugstöð Leifs Eiríkssonar eða á öðrum landamærastöðvum sem sóttvarnalæknir ákveður til greiningar á SARS-CoV-2 veirunni og síðan í sóttkví þangað til niðurstöður liggja fyrir úr seinni sýnatöku sem skylt er að undirgangast og framkvæma skal 5 dögum eftir komu til landsins. Íslenskum ríkisborgurum verður þó ekki meinað að koma til landsins. Sóttvarnalæknir skal reglulega endurmeta hvaða lönd og svæði teljast áhættusvæði, svo sem með hliðsjón af skilgreiningu alþjóðastofnana. Börnum fæddum 2005 eða síðar er ekki skylt að framvísa PCR-vottorði en er skylt að fara í sýnatöku við landamæri. Sýnataka úr börnum skal fara fram með eins lítið íþyngjandi hætti og unnt er og með hliðsjón af aldri þeirra og þroska. Ferðist barn með ferðamanni sem skylt er að sæta sóttkví samkvæmt þessu ákvæði þarf barnið jafnframt að sæta sóttkví sem það losnar úr ef síðara sýni úr samferðamanni er neikvætt. Ferðist barn eitt eða samferðafólk er undanskilið sóttkví þarf barnið ekki að sæta sóttkví en er skylt að fara í sýnatöku.

Ef sýni úr seinni sýnatöku reynist neikvætt er ferðamanni ekki lengur skylt að sæta sóttkví. Um jákvæð sýni fer eftir 5. eða 11. gr., eftir því sem við á. Í vottorði samkvæmt þessari málsgrein skal koma fram dagsetning sýnatöku, nafn og símanúmer rannsóknarstofu og nafn og fæðingardagur þess sem sýni var tekið frá.

Niðurstöður rannsóknar skal forskrá rafrænt ásamt öðrum upplýsingum fyrir brottför. Sóttvarnalækni er að öðru leyti heimilt að gefa út nánari leiðbeiningar um vottorð.

Fyrir komuna til Íslands er ferðamanni skylt að forskrá sig með því að fylla út rafrænt eyðublað þar sem meðal annars koma fram samskiptaupplýsingar, upplýsingar um hvar viðkomandi hefur dvalið, hvar hann hyggst dvelja í sóttkví á Íslandi, brottfarardagur frá Íslandi ef við á og upplýsingar um heilsufar. Þeim sem flytja farþega til Íslands er skylt að vekja athygli viðkomandi á skyldu til forskráningar með hæfilegum fyrirvara.

Sýnataka sem fer fram samkvæmt þessu ákvæði er skipulögð af sóttvarnalækni og er hún ferðamanni að kostnaðarlausu.

Lífsýni sem tekin eru samkvæmt þessu ákvæði skulu einungis rannsökuð m.t.t. SARS-CoV-2 veirunnar. Lífsýnum skal eytt að lokinni greiningu.

Þeir sem koma á landamærastöð utan þess tíma sólarhrings sem unnt er að taka sýni og ekki eru í áætlunarferð geta óskað eftir sýnatöku með útkalli. Þeim sem sinnir slíku útkalli er heimilt að taka gjald sem nemur 60.000 kr. fyrir útkallið. Gjaldið myndar ekki afsláttarstofn skv. 4. gr. reglugerðar um greiðsluþátttöku sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu, sbr. jafnframt 29. gr. laga nr. 112/2008.

Tengifarþegum sem fara ekki út fyrir viðkomandi landamærastöð er ekki skylt að fara í sýnatöku samkvæmt þessu ákvæði. Tengifarþegum sem fara út fyrir landamærastöð en dvelja innan við 48 tíma á Íslandi er heimilt að fara í sóttkví í stað sýnatöku samkvæmt ákvæði þessu.

Neiti ferðamaður að fara í sóttkví eða sýnatöku samkvæmt reglugerð þessari er sóttvarnalækni heimilt að leita aðstoðar lögregluþyrvalda vegna aðgerða til að varna smiti, s.s. sýnatöku, einangrun eða sóttkví í samræmi við 14. gr. sóttvarnalaga, nr. 19/1997. Í þeim tilgangi er lögreglu enn fremur heimilt að kanna hvort ferðamaður er á þeim stað sem hann sætir sóttkví. Áður en gripið er til þvingunaraðgerða skal ætíð reynt að leysa mál með öðrum hætti.

5. gr.

Sóttvarnahús.

Einstaklingi sem gert er að sæta sóttkví og á ekki samastað á Íslandi eða getur af öðrum sökum ekki eða vill ekki einangra sig í húsnæði á eigin vegum, sem uppfyllir skilyrði 7. gr. og leiðbeiningar sóttvarnalæknis, sbr. fylgiskjal 1, skal dvelja í sóttkví í sóttvarnahúsi og lúta þeim reglum sem um það gilda í þeim tilgangi að aðskilja sig frá öðrum á þann hátt að koma í veg fyrir hugsanlega útbreiðslu COVID-19. Sama gildir um einstaklinga í sömu stöðu sem gert er að sæta einangrun, sbr. 1. mgr. 10. gr.

Komi í ljós að einstaklingur hafi ekki fylgt reglum um sóttkví eða einangrun er sóttvarnalækni heimilt að ákveða að hann skuli sæta sóttkví eða einangrun í sóttvarnahúsi. Um málsmeðferð fer eftir 14. gr. sóttvarnalaga, nr. 19/1997, með síðari breytingum.

Einangrun eða sóttkví í sóttvarnahúsi felst í eftirfarandi:

- a. Einstaklingur skal ekki fara út úr húsnæði sóttvarnahúss nema brýna nauðsyn beri til, svo sem til að sækja nauðsynlega heilbrigðisþjónustu. Þó er einstaklingi heimilt að stunda útiveru í samræmi við leiðbeiningar sóttvarnalæknis, sbr. fylgiskjöl 1 og 2, en þarf að halda sig í a.m.k. 2 metra fjarlægð frá öðrum.
- b. Einstaklingur má ekki taka á móti gestum í sóttvarnahúsi.
- c. Einstaklingur má ekki dvelja í sameiginlegum rýmum sóttvarnahúss, svo sem stigagöngum eða sameiginlegum útisvæðum.
- d. Sérstakt tillit skal tekið til barna sem dvelja í sóttvarnahúsi, svo sem vegna útiveru og aðbúnaðar.

6. gr.

Vottorð o.fl.

Hafi ferðamaður við komuna til landsins undir höndum viðurkennt vottorð um ónæmisaðgerð vegna COVID-19 eða vottorð sem sýnir fram á að COVID-19 sýking sé afstaðin er honum ekki skylt að fara í sóttkví eða framvísa vottorði um neikvætt PCR-próf skv. 4. gr., en er skylt að gangast undir eina sýnatöku við landamæri. Viðkomandi ber að fara að reglum sem gilda um heimasóttkví, sbr. 7. gr., þar til neikvæð niðurstaða liggur fyrir úr sýnatöku. Um jákvæð sýni fer eftir 5. eða 10. gr.

Viðurkennd vottorð eru eftirfarandi:

- a. alþjóðabólusetningarskírteinið gefið út í samræmi við alþjóðaheilbrigðisreglugerð Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar.
- b. bólusetningarvottorð sem staðfestir bólusetningu með bóluefni sem Lyfjastofnun Evrópu hefur mælt til að fái markaðsleyfi og sem uppfyllir leiðbeiningar sóttvarnalæknis um vottorð, svo sem um mat á vottorðum við landamæri og efni og form vottorða, t.a.m. um tungumál og hvaða upplýsingar vottorð skal innihalda, svo sem nafn, fæðingardag, ríkisfang, hvar og hvenær bólusetning fór fram, framleiðandi bóluefnis og upplýsingar um aðila ábyrgan fyrir útgáfu vottorðs.
- c. vottorð sem staðfestir jákvæða niðurstöður úr PCR-prófi sem er eldra en 14 daga gamalt, eða
- d. vottorð sem staðfestir mótefni með mótefnaprófi sem framkvæmt er með ELISA-aðferð eða sambærilegri aðferð samkvæmt nánari ákvörðun sóttvarnalæknis.

Sóttvarnalækni er heimilt að gefa út nánari leiðbeiningar um vottorð svo sem um mat á vottorðum við landamæri og efni og form vottorða, t.a.m. um tungumál og hvaða upplýsingar vottorð skal innihalda, svo sem nafn, fæðingardag, hvar og hvenær sýnatöku fór fram, heiti rannsóknarstofu/útgefanda vottorðs, dagsetningu vottorðs, upplýsingar um aðila ábyrgan fyrir útgáfu vottorðs, tegund prófs og niðurstöðu rannsóknar.

Ef minnsti vafi leikur á um trúverðugleika vottorðs eða vottorð telst ógilt samkvæmt nánari leiðbeiningum sóttvarnalækni er ferðamanni skylt að fara í sýnatöku og sóttkví skv. 4. gr.

Þeir sem sýna fram á, með hæfilegum fyrirvara, að sýnataka sé ekki framkvæmanleg vegna læknisfræðilegra ástæðna eru undanþegnir sýnatöku skv. 4. gr. og framvísun neikvæðs PCR-prófs samkvæmt sama ákvæði. Þess í stað skulu þeir sæta 14 daga sóttkví frá komu til landsins, eftir atvikum í sóttvarnahúsi, sbr. 5. gr.

Þeir sem greinast jákvæðir í sýnatöku samkvæmt þessu ákvæði er skylt að sæta einangrun, sbr. 10. gr., eða eftir atvikum 5. gr.

Sýnataka samkvæmt þessu ákvæði er gjaldfrjálst.

7. gr.

Skyldur einstaklinga sem eru í heimasóttkví.

Þeim sem gert hefur verið að sæta sóttkví samkvæmt reglugerð þessari er skylt að halda sig heima við eða á þeim stað þar sem þeir eru í sóttkví, sbr. leiðbeiningar sóttvarnalækni í fylgiskjali 1. Einstaklingur skal vera einn á dvalarstað í sóttkví og aðskilja sig þannig frá öðrum einstaklingum nema aðrir á sama dvalarstað fylgi jafnframt reglum um sóttkví, þ.m.t. fari ekki til vinnu, skóla eða í verslanir, og tilkynni sóttvarnalækni um þá ráðstöfun. Að öðrum kosti skal einstaklingur dvelja í sóttvarnahúsi, sbr. 5. gr.

Í sóttkví felst eftirfarandi:

- a. Einstaklingur má ekki fara út af heimili nema brýna nauðsyn beri til, svo sem til að sækja nauðsynlega heilbrigðisþjónustu. Einstaklingur má þó fara í gönguferðir en þarf að halda sig í a.m.k. 2 metra fjarlægð frá öðrum vegfarendum.
- b. Einstaklingur má ekki taka á móti gestum á heimili sínu eða á þeim stað þar sem hann er í sóttkví meðan sóttkví stendur yfir.
- c. Einstaklingur má ekki nota almenningssamgöngur en honum er heimilt að nota leigubíl.
- d. Einstaklingur má ekki fara til vinnu eða skóla þar sem aðrir eru.
- e. Einstaklingur má hvorki fara á mannamót né staði þar sem margir koma saman, þ.m.t. verslanir eða lyfjabúðir.
- f. Einstaklingur má ekki dvelja í sameiginlegum rýmum fjölbýlishúsa, hótela og öðrum sambærilegum rýmum, svo sem stigagöngum, þvottahúsum eða sameiginlegum gördum/útivistarsvæðum, nema á leið inn og út.

Sá sem sætir sóttkví verður að vera einn út af fyrir sig á dvalarstað, svo sem íbúð, hótélherbergi eða annars konar afmarkaðri einingu húsnæðis þar sem er sérbaðherbergi og eldunaraðstaða eða aðstaða til að taka við matarsendingum. Dvalarstaður í heimasóttkví skal að öðru leyti uppfylla skilyrði sem fram koma í leiðbeiningum sóttvarnalækni um húsnæði í sóttkví, sbr. fylgiskjal 3.

Þeim sem sæta sóttkví skv. 3. gr. býðst að fara í sýnatöku til greiningar á SARS-CoV-2 veirunni eftir sjö daga í sóttkví. Ef sýni reynist neikvætt er einstaklingi ekki lengur skylt að sæta sóttkví. Um jákvæð sýni fer eftir 10. gr. Sóttvarnalæknir skipuleggur sýnatöku samkvæmt þessari málsgrein og er hún einstaklingi að kostnaðarlausu.

Sóttvarnalæknir gefur út nánari leiðbeiningar fyrir almenning um sóttkví, sbr. fylgiskjal 1. Einnig getur hann mælt sérstaklega fyrir um hvernig sóttkví skuli háttað í einstaka tilfellum, telji hann tilefni til.

Fylgi einstaklingur ekki reglum um sóttkví er sóttvarnalækni heimilt að taka ákvörðun um að hann skuli settur í sóttkví í sóttvarnahúsi. Um málsmeðferð fer eftir 14. og 15. gr. sóttvarnalaga, nr. 19/1997, með síðari breytingum.

8. gr.

Vinnusóttkví.

Sóttvarnalæknir getur heimilað ferðamönnum, einum eða fleiri saman, sem skylt er að fara í sýnatöku og eru komnir hingað til lands til starfa eða til að sinna nauðsynlegum vinnutengdum verkefnum að fara í vinnusóttkví í stað sóttkvíar, þ.m.t. sóttkví í sóttvarnahúsi. Með vinnusóttkví er átt við að viðkomandi geti farið til og frá vinnustað á meðan sóttkví stendur. Afgreiðslufrestur á umsókn um vinnusóttkví getur verið allt að 10 dagar.

Skilyrði fyrir vinnusóttkví eru að:

- Viðkomandi umgangist ekki aðra en heimilisfólk eða þá sem eru með þeim í vinnusóttkví.
- Viðkomandi dveljist einungis á gististað og vinnustað meðan á sóttkví stendur.
- Viðkomandi fylgi ákvæði 7. gr. eftir því sem við á sem og leiðbeiningum um sóttvarnaráðstafanir sem gefnar eru út af sóttvarnalækni vegna vinnusóttkvíar.
- Sótt sé um heimild fyrir vinnusóttkví til sóttvarnalæknis.
- Ekki séu fleiri saman í vinnusóttkví en tilgreint er í ákvæði um almenna fjöldatakmörkun í reglugerð um takmörkun á samkomum vegna farsóttar, nema á grundvelli undanþágu frá heilbrigðisráðherra.

Heimild frá sóttvarnalækni samkvæmt þessu ákvæði veitir ekki undanþágu frá reglum heilbrigðisráðherra um takmarkanir á samkomum eða reglugerð dómsmálaráðherra um för yfir landamæri.

9. gr.

Undanþágur.

Sóttvarnalæknir getur veitt undanþágu frá sóttkví að öllu leyti eða hluta til vegna mjög sérstakra aðstæðna enda sé tryggt að það komi ekki niður á smitvörnum.

Sóttvarnalæknir getur veitt undanþágu frá einstaka skilyrðum vinnusóttkvíar og aðlagð skilyrði að viðkomandi starfsemi ef tryggt er að það komi ekki niður á smitvörnum.

Sóttvarnalæknir getur veitt undanþágu frá sóttkví skv. 3. gr. vegna samfélagslega ómissandi innviða sem mega ekki stöðvast, svo sem á sviði raforku, fjarskipta, samgangna, sorphirðu, heilbrigðisstarfsemi, löggæslu, sjúkraflutninga eða slökkviliða. Hið sama á við vegna kerfislega og efnahagslega mikilvægrar starfsemi, svo sem til að tryggja fæðuöryggi, dreifingu nauðsynjavara eða efnahagslegt öryggi ríkisins með útflutningi.

Sóttvarnalækni er heimilt að veita undanþágu frá sóttkví skv. 3. gr. ef staðfest er að einstaklingur hafi sýkst af SARS-CoV-2 veirunni.

Sóttvarnalækni er heimilt að veita undanþágu frá sýnatöku og/eða framvísun vottorðs um neikvætt PCR-próf skv. 4. gr. til einstaklinga sem fylgja leiðbeiningum sóttvarnalæknis um vinnuferðir erlendis. Slíka undanþágu er einungis heimilt að veita starfsfólki í heilbrigðisþjónustu, starfsfólki sem sinnir flutningum á vöru og þjónustu og starfsfólki lögreglu vegna nauðsynlegra ferða starfs síns vegna.

Í samráði við ráðherra sem fer með utanríkismál er sóttvarnalækni heimilt, vegna brynna erindagjörða, að ákveða sérstakt fyrirkomulag um sóttkví, einangrun og sýnatöku fyrir einstaklinga og sendinefndir sem koma til landsins á vegum íslenskra stjórnvalda, starfsmenn sendiskrifstofa og aðra fulltrúa erlendra ríkja, starfsmenn alþjóðastofnana og einstaklinga í boði þeirra sem þurfa að koma til landsins vegna starfsemi þessara stofnana, meðlimi herliðs og starfsmenn sem sinna mannúðaraðstoð og almannavörnum og fjölskyldur allra framangreindra aðila.

10. gr.

Sérstakar reglur um einangrun.

Einstaklingur sem er með staðfesta sýkingu af COVID-19 eða ætla má að hann kunni að vera smitaður en þarf ekki á sjúkrahúsdvöl að halda, skal vera í einangrun í heimahúsi eða á stað sem sóttvarnalæknir eða umdæmislæknir sóttvarna á hverjum stað tilgreina, svo sem sóttvarnahúsi, sbr. 5. gr. Í þeim tilvikum sem jákvætt PCR-próf gæti sýnt eldra smit getur einstaklingur gengist undir mótefnamælingu á blóðsýni. Ef mótefni greinist þarf viðkomandi ekki að sæta einangrun.

Einstaklingur í einangrun á að halda sig heima við og hafa bein samskipti við sem fæsta, sbr. meðfylgjandi leiðbeiningar sóttvarnalæknis. Ákvæði 7. gr. á einnig við um þá sem sæta einangrun nema strangari reglur eigi við. Þannig má einstaklingur í einangrun t.a.m. hvorki fara í gönguferðir né nota leigubíla.

Að jafnaði skal einstaklingur sem er smitaður vera einsamall í einangrun. Aðrir heimilismenn geta þó verið í sóttkví á sama stað ef þeir vilja ekki eða geta ekki farið af heimilinu en þeir eiga að takmarka snertingu við þann sem er í einangrun eins og raunhæft er og helst að halda sig í a.m.k. 2 m fjarlægð frá hinum smitaða. Ef fleiri veikjast á heimilinu lengir það tíma sem aðrir heimilismenn þurfa að vera í sóttkví og mögulega einangrun.

Sóttvarnalæknir hefur gefið út nánari leiðbeiningar fyrir almenning um einangrun, sbr. fylgiskjal 2. Einnig getur hann mælt sérstaklega fyrir um hvernig einangrun skuli háttað í einstaka tilfellum, telji hann tilefni til.

Læknir má aflétta einangrun vegna COVID-19 þegar 14 dagar eru liðnir frá greiningu og sjúklingur hefur verið einkennalaus í a.m.k. sjö daga. Að öðru leyti fer um afléttingu einangrunar eftir leiðbeiningum sóttvarnalæknis, sbr. fylgiskjal 2.

11. gr.

Viðurlög.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum eða fangelsi skv. 19. gr. sóttvarnalaga nr. 19/1997 eða 175. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

12. gr.

Lögreglustjóra er heimilt að vísa útlendingi, sem ekki er búsettur hér á landi, úr landi við komu til landsins eða allt að sjö sólarhringum eftir komu ef hann neitar að verða við fyrirmælum um ráðstafanir samkvæmt þessari reglugerð eða í ljós kemur að hann hefur ekki fylgt þeim, s.s. að framvísa vottorði, gangast undir sýnatöku eða halda sóttkví. Ákvörðun um frávísun er kæránleg til kærunefndar útlendingamála, en kæra frestar ekki framkvæmd ákvörðunar. Að öðru leyti fer um málsmeðferð samkvæmt lögum um útlendinga.

13. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi sem sett er á grundvelli 12., 13., 14. og 18. gr. sóttvarnalaga nr. 19/1997, með síðari breytingum, tekur gildi 9. apríl 2021. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 355/2021, um sóttkví og einangrun og sýnatöku við landamæri Íslands vegna COVID-19.

Reglugerð þessi fellur úr gildi þann 30. apríl 2021.

Heilbrigðisráðuneytinu, 8. apríl 2021.

Svandís Svavarsdóttir.

Ásta Valdimarsdóttir.

Fylgiskjöl

[Hlekkur á reglugerð með fylgiskjölum í PDF-formi.](#)

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.